

Orkugerðin ehf
Heiðargerði 5
801 Selfoss

Reykjavík, 19.6.2025
UOS2503308/F.T

Orkugerðin - Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf dags. 24.3.2025 þar sem stofnunin áformaði að áminna Orkugerðina, Flóahreppi, vegna frávíks er fram kom í eftirliti í kjötmjölsverksmiðju Orkugerðarinnar þann 27.8.2024.

Frávikið er eftirfarandi:

- Grein 4.1 í starfsleyfi. Fyrir 1. maí ár hvert ber rekstraraðila að taka saman skráningar, sbr. grein 4.2 í starfsleyfi. Vantar niðurstöður mælinga 2023, skv. grein 4.2 í starfsleyfi er varðar að mælingar eigi að vera gerðar einu sinni á ári og á þeim tíma sem verksmiðjan er keyrð með sem næst hámarksálagi. Ekki er nóg að vísa í umfjöllun um fyrirliggjandi niðurstöður.

Þann 7.4.2025 barst úrbótaáætlun rekstraraðila vegna frávíksins. Þar segir að mælt verði í september, á hámarksálagi. Niðurstöður ættu að vera tilbúnar í október.

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila. Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun stofnunin halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023. Gjaldið er 84.000 kr.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Lilja Ólafsdóttir
sviðsstjóri

Frigg Thorlacius
lögfræðingur